

endum, ef þess er óskað, að endurskoða þennan þátt reikningsskila, þó að fulln-
aðar reikningskil hafi ekki fram farið.

11. gr.

Nú telur Sildarútvegsnefnd þess þörf að boða til fundar með sildarsaltendum og/eða sildarútvegs mönnum varðandi mikilvæg atriði um sölu og/eða framleiðslu sildar, getur nefndin þá boðað til slíks fundar með hæfilegum fyrirvara.

Ef Félag sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi og/eða Félag sildarsaltenda á Suður- og Vesturlandi óska eftir að boðað verði til fundar um mikilsvarðandi mál sildarútvegs eða sildarsölu, er Sildarútvegsnefnd skylt að boða til slíks fundar, svo fljótt sem við verður komið.

12. gr.

Um brot á reglugerð þessari fer svo sem segir í 11. gr. laga nr. 62/1962.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62 21. apríl 1962 um Sildarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar sildar til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 132 23. júní 1952 um sölu og útflutning saltsildar, þar með talin kryddsild, sykursild og önnur sérverkuð sild.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. september 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Fáskrúðsfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Fasteignaskatt í Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsráðuneytið, 12. september 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur verið ákveðið að fella niður stöðvunarskyldu á Laugalæk gagnvart umferð um Sundlaugaveg og á eystri akrein Miklubrautar gagnvart Suðurlandsbraut.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 22. ágúst 1968.

Sigurjón Sigurðsson.